



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 4. mars 2024
2002459/700.00 JSÞ

Efni: Beiðni um heimild bæjarráðs til undirritunar samkomulags við Veitur um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Kópavogsbæ

Veitur ohf. hafa lýst yfir áhuga á að vinna saman með Kópavogsbæ að uppsetningu hleðsluinnviða við stofnanir í bæjarlandi Kópavogs. Fyrir liggja drög að samkomulagi þar sem kemur fram að markmið aðila sé að koma upp hleðslubúnaði á fjórtán stöðum fyrir rafbíla. Veitur mun skv. samkomulaginu kosta lagningu rafstrengja að mæliskáp og hönnun en Kópavogsbær annast kostnað strengja frá mæliskáp, yfirborðsfrágang og merkingar að framkvæmdum loknum, sbr. nánari skiptingu í meðfylgjandi samkomulagi.

Rekstur og þjónusta hleðslustöðvanna mun verða boðin út í opnu útboði í framhaldi af samkomulaginu við Veitur. Þjónustuaðili mun koma til með að selja raforku til rafbílaeigenda.

Óskað er heimildar bæjarráðs til að undirrita samkomulag við Veitur ohf.

Virðingarfyllst,

Jakob Sindri Þórsson
Sérfræðingur

Skjöl:
Samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Kópavogsbæ
Fylgiskjal 1

